

LISTIR

Dagskrá um Sölva Helgason

FLUTT verður dagskrá um Sölva Helgason í Lónkoti í Skagafirði sunnudaginn 13. ágúst nk. Dagskráin hefst kl. 14 og fer fram í samkomutjaldi staðarins. Ólafur Jónsson staðarhaldari gerir m.a. grein fyrir því sem er efst á baugi í Sölvafræðum. Hjalti Pálsson, fv. safnvörður Héraðsskjalasafns Skagfirðinga, heldur erindi um Sölva. Flutt verða ljóð um Sölva og lesnar glefsur úr skrifum um hann og eftir hann. Dagskrá um Sölva er orðin árviss í Lónkoti, en bæði veitingahús og gallerí staðarins er kennt við hann, auk þess sem minnisvarði um Sölva eftir Gest Þorgímsson prýðir staðinn.

Fæðingardag Sölva, miðvikudaginn 16. ágúst, mun Ólafur Jónsson staðarhaldari flytja fyrirlestur um myndlist Sölva á veitingahúsinu Sölva-bar kl. 20, en þar á veggjum er til sýnis úrval af myndum þessa sérstæða einfara í íslenski myndlist. Sölvi Helgason fæddist á Fjalli í Sléttuhlíð árið 1820 og dó á Ysta-Hóli í sömu sveit 20. október 1895. Aðgangur á báðar dagskrárnar er ókeypis.

Heiða sýnir í Café 17

NÚ stendur yfir sýning á verkum Heiðu Svanhildardóttur í Café 17, Laugavegi 91.

Hún sýnir þar vatnslitamyndir, unnar á fjögurra ára tímabili. Í myndum sínum lýsir Heiða tengslum tilfinninganna við hugmyndaheim ævintýrisins. Sýningin er opin út ágúst.

Myndlist í Fjöruborðinu

HJÖRDÍS Brynja opnar myndlistarsýningu í Hafinu á veitingahúsinu Við fjöruborðið á Stokkseyri, sunnudaginn 13. ágúst nk. klukkan 14.

Hjördís Brynja er fædd árið 1964 í Reykjavík. Hún hefur stundað myndlistarnám í MHÍ á Íslandi, École des Beaux Arts í Marseille, École d'Art í Caen, Frakklandi, og síðast í Rudolf Steiner Högskolan í Svíþjóð, þar sem hún lauk M.A.-námi í myndlist árið 1998.

Hún hefur haldið sýningar í Frakklandi og Svíþjóð auk samsýninga á Íslandi, en þetta er önnur einkasýning hennar hér á landi.

Myndir eftir hana má sjá á Netinu á eftirfarandi slóð: <http://www.algonet.se/~tessa7/ninex.htm>.

Sýningin stendur til 17. september.

Sumar sögur gefnar út á þýsku

SMÁSAGNASAFNIÐ Sumar sögur eftir Elínu Ebbu Gunnarsdóttur, sem út kom hjá Vöku-Helgafelli árið 1997, var nýverið gefið út hjá Suhrkamp í Þýskalandi. Bókin kemur út í ritröðinni Edition Suhrkamp sem hóf göngu sína árið 1963 og eru í þessum bókaflökki bæði skáldverk og fræðirit úr öllum heimshornum.

Smásagnasafnið Sumar sögur er fyrsta bók Elínar Ebbu Gunnarsdóttur en hún hlaut Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar fyrir hana haustið 1997.

Sýningu lýkur

SÝNINGU Ríkeyjar Ingimundardóttur í Perlunni í Reykjavík lýkur á sunnudag. Hún sýnir höggmyndir, málverk, postulínsmyndir o.fl.



Morgunblaðið/Jim Smart

Listaverkin hafa fengið slæma útreið upp á síðkastið, í undirgöngunum við Flugvallarveg.

Listaverkin fá ekki að vera í friði

LISTAVERKIN í undirgöngunum við Flugvallarveg hafa orðið fyrir enn meiri skemmdum. Greint var frá því Morgunblaðinu 2. ágúst að úðað hefði verið á listaverkin en nú hafa þau verið skorin og á þau úðað enn frekar.

Verið er að vinna verkin að forskrift franska listamannsins Claude Rutault fyrir alþjóðlega samsýningu að Kjarvalsstöðum sem heitir Tími fresta flugi þínu. Listamaðurinn gerir þá kröfu að verkin séu bún til í undirgöngum á fjögurra

vikna tímabili og valdi hann sérstaklega undirgöngin við Flugvallarveg til verksins. Unnið hefur verið að verkunum í um þrjár vikur.

Verk Rutault hafa einnig verið sett upp í Bergen og voru unnin í undirgöngum þar. Að sögn Soffíu Karlsdóttur, kynningarstjóra Listasafns Reykjavíkur, voru verkin í Bergen mestmegnis látin í friði en hún bendir á að þar hafi þau verið unnin í fjölförnum undirgöngum. „Í göngunum við Flugvallarveg er lítið um umferð og því kannski

meiri hætta á skemmdarverkum,“ segir hún.

Viðfangsefni listamannsins í þessum verkum er tíminn og hrörnun og vel má vera að hann geri ráð fyrir skemmdum af þessu tagi. „Við munum ekkert gera við þessu,“ segir Soffía. „Við förum eftir forskrift listamannsins og látum verkin hanga þarna áfram.“

Pegar kemur að sýningu verða verkin tekin niður af veggjum undirganganna og færð að Kjarvalsstöðum.

Leifshátíð

– fjölskylduskemmtun á söguslóðum 11.-13. ágúst

Fjölskylduhátíð Dalamannsins Leifs Eiríkssonar verður haldin að Eiríksstöðum í Haukadal 11.-13. ágúst til að minnst þess að 1000 ár eru liðin frá Vínlands-siglingu hans. Dagskráin hefst kl. 16:00 á föstudag og lýkur á sunnudag. Sérstök hátíðardagskrá verður kl. 13:30-16:00 á laugardag. Kynnir er Þorgeir Ástvaldsson.

Fjölbreytt dagskrá fyrir alla fjölskylduna

- Formleg opnun svæðisins á Eiríksstöðum
- Afhjúpun stytta af Leifi heppna eftir Nínu Sæmundsson
- Fræðsla um tilgátuhús og rústir Eiríksstaða
- Fornleifafræðingar að störfum
- Skipulagðar gönguferðir um Haukadal
- Ókeypiss veiði í Haukadalsvatni
- Hanna Dóra Sturludóttir söngkona
- Samkór Dalamanna og Breiðfirðinga
- Leikþættir
- Brúðuleikhús
- Álftagerðisbræður
- Dalakútur sprellar með börnunum
- Sögustundir

- Örn Árnason leikari
- Todmobile og Selma
- Nikkólfna (gömlu dansarnir)
- Veitingar að fornu og nýju
- Vopnfimi
- Hljómsveitin Ábrestir
- Víkingabúðir
- Kvennareið Dalakvanna
- Torfi trúbador
- Leiktæki
- Fornir leikir
- Fjölskylduratleikur
- Helgistund
- Eldsmíði



Öll börn fá litabók Leifs heppna!
Næg tjaldstæði - Næg bílastæði!



SAMSTARFVERKEFNI VIÐ
REYKJAVÍK
MENNINGARSÖGUSLÓÐ
ÁRIS 2000



Velkomin á Leifshátíð 2000 – Eiríksstaðanefnd og Dalabyggð